

Skýrsla hverfisnefndar Brekkuskólahverfis mars 2006 - maí 2007.

Hverfisnefndin var stofnuð 23. mars á síðasta ári, hún hélt sinn fyrsta fund miðvikudaginn 4. apríl og hefur fundað reglulega síðan að frátöldu sumarfrí og jólafrí.

Nefndin telur 8 manns og byrjuðum við á að skipta með okkur verkum og er Sigríður Magnúsdóttir formaður, Njáll Trausti varaformaður og tengiliður við Ak.bæ, Kristín Kjartansdóttir ritari, Börkur Þór Ottósson meðstjórnandi og tengiliður við foreldrafélagið, Hjörleifur meðstjórnandi og tengil. við fjölmiðla, Bergljót Þrastardóttir varamaður ritara, Sigurlína Jónsdóttir varamaður og Kristján Víkingsson varamaður. Þrátt fyrir þessa verkaskiptingu þá eru alltaf allir boðaðir á fundi og taka í raun jafnan þátt í störfum nefndarinnar.

Til að byrja með fóru fundir nefndarinnar í að setja niður starfsreglur og helstu áherslur sem segja má að hafi verið umferðamál og skipulagsmál. Við urðum okkur úti um kort af bænum og hverfinu og fengum Jónas Vigfússon þá deildarstjóra Framkvæmdardeildar Akureyrarbæjar til að koma á fund til okkar og ræða skipulagsmál í hverfinu.

Auk þess að funda nokkuð reglulega hefur nefndin sent frá sér ályktun um umferðarmál sem birtist í Vikudegi.

Við héldum íbúafund þar sem íbúum gafst kostur á að koma með hugmyndir að verkefnum fyrir nefndina. Margar hugmyndir komu fram, m.a voru nokkrar athugasemdir frá íbúum um leiksvæði í hverfinu og hefur nefndin sent frá sér erindi um þau til bæjarins. Í tilefni fundarins unnum við dreifibréf til að kynna nefndina og var hann borinn út í hús í hverfinu.

Við héldum líka kynningarfund um fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð sundlaugarinnar – þar mættu nú ekki margir en var fundurinn mjög gagnlegur fyrir nefndina og þá sem sóttu fundinn. Logi Einarsson arkitekt kynnti hugmyndir að byggingu og nýtingu lóðar.

Formaður hefur fundað með öðrum formönnum hverfisnefnda og er ætlunin að hverfisnefndir í bænum fundi saman a.m.k. einu sinni á ári. Einnig var haldinn fundur formanna nefndanna og stjórnarsýslunefndar um málefni og hlutverk hverfisnefnda.

Þá hef ég talið upp það helsta sem nefndin hefur tekið sér fyrir hendur sitt fyrsta starfsár og vil ég enda á að segja að hverfisnefnd er góður vettvangur fyrir íbúa til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi.

Brekkuskólahverfi maí 2007

Sigríður Magnúsdóttir